



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Veitnanefndar**

### **2. fundur**

Fundur að Hlíðavegi 6, 27. janúar 2003.

kl. 17:00

Mættir: Áslaugur Haddsson, Kristján Steingrímsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson.  
Sveitarstjóri ritaði fundargerð. Úlfar Sæmundsson starfsmaður hitaveitunnar sat jafnframt fundinn.

#### **1. Fjárhagsáætlun 2003.**

Sveitarstjóri upplýsti að til viðhalds hitaveitunnar væru á rekstraráætlun ársins um 700 þús.

Nefndin leggur til að Verkfræðistofa Norðurlands verði fengin til að gera úttekt á flutningsæðum hitaveitunnar m.t.t. flutningsgetu.

#### **2. Reglugerð.**

Nefndin fór yfir reglugerð hitaveitunnar sem sett var 1985. Nefndin telur nauðsynlegt að lagfæra reglugerðina og færa nær nútímanum og stefnir nefndin að því að ræða nýja reglugerð á næsta fundi. Sveitarstjóra falið að semja drög að reglugerðinni.

#### **3. Önnur mál.**

Sveitarstjóra falið að taka saman upplýsingar um gjaldskrá nokkurra veitna í landinu fyrir næsta fund en þá hyggst nefndin fara yfir gjaldskrármál.

Fleira ekki gert,  
fundir slitið  
Áslaugur Haddsson,  
Kristján Steingrímsson,  
Yngvi Ragnar Kristjánsson